



**Kennari:** Þór Stefánsson

**Skammstöfun:** P.S

**Undanfari:** RAFL2RB05

### **Áfangalýsing:**

Í þessum áfanga er áhersla lögð á boðskiptalagnir, s.s. tölvulagnir, símalagnir, dyrasímalagnir og loftnetslagnir. Farið er yfir frágang og tengingar allra almennra smáspennulagna. Einföld kerfi eru tengd. Skoðuð er burðargeta mismunandi boðskiptastrengja og mælingar gerðar. Nemendur læra um loftnetsbúnað og tengingar við hann og þjálfast í að hanna og setja upp einfalt loftnetskerfi fyrir sjónvarp. Nemendur læra um uppbyggingu dyrasíma, uppsetningu þeirra og bilanaleit.

### **Markmið:**

Nemandi

- þekki reglugerðir um boðskiptalagnir
- geti tengt boðskiptalagnir við krosstengibretti (patchpanil)
- þekki aðferðir og kröfur við lagningu boðskiptalagna
- geti lagt boðskiptalagnir (tölvu-, síma-, hljóð-, mynd- og loftnetslagnir)
- þekki kröfur um frágang á köplum í rennum, bökkum og stigum
- þekki hættu á skemmdum á smáspennurásum við einangrunarmælingu
- geti hannað og tengt einfalt loftnetskerfi
- geti hannað og tengt einfalt dyrasímakerfi
- geti hannað og tengt einfalt tölvukerfi

### **Efnisatriði:**

Boðskiptalagnir, síma, tölvu, loftnets og dyrasímalagnir. Tengingar á endabúnaði boðskiptalagna. Kynning á annarri tækni svo sem ljósleiðara. Frágangur og kapalfestingar.

### **Námsefni:**

Raflagnir RAL 403 Verkefnabók.

Höfundur Jón Pálmi Skarphéðinsson

Útgefandi Rafbók.

Ljósrit frá kennara

## Yfirferðaráætlun:

2. VIKA: (2)	Inngangur og kynning á námsefni og fyrirkomulagi kennslunnar og Verkefni 1
3. VIKA: (3)	Verkefni 1 og 2
4. VIKA: (4)	Verkefni 2
5. VIKA: (5)	Verkefni 3
6. VIKA: (6)	Tenglareнна
7. VIKA: (7)	Verkefni 4 smáspenna íbúðarhús
8. VIKA: (8)	Kátir dagar og flóafár
9. VIKA: (9)	Íslandsmót 2014
10. VIKA: (10)	Íslandsmót 2014
11.VIKA: (11)	Dyrasími
12.VIKA: (12)	Brunakerfi
13.VIKA: (13)	Brunakerfi
14.VIKA: (14)	Íslandsmót 2016
15.VIKA: (15)	Höfðatún íbúðarhús tilboðsgerð Excel
16.VIKA: (16)	Páskafri
17.VIKA: (17)	Íbúðarhús tilboðsgerð Excel, rafræn verðkönnun
18.VIKA: (18)	Forsteyptar einingar
19.VIKA: (19)	Forsteyptar einingar

**Námsmat:**Símat. Samsetning vetrareinkunnar. Öll verkefni gilda jafnt 7,5 % Samtals 90 %. Að auki er metið ástundun og umgengni yfir alla önnina alls 10 %.

Með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla Suðurlands 4. janúar 2019

---

Kennari

Höfðatún íbúðarhús tilboðsgerð Excel